

Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir hvert almanaksár. Sé það ekki greitt á réttum gjalddaga, skal leyfið úr gildi.

10. gr.

Ef leyfishafi, sbr. 5. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem hreppsnefnd, heilbrigðisnefnd, eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi eða ef rekstur sölu- staða þykir ekki fara vel úr hendi, má hreppsnefnd svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað tiltekinn tíma.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 1500.00. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku samþykktar þessarar eru öll svokölluð „kvöldsöluleyfi“ samkvæmt áður gildandi reglum afturkölluð.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, öðlast þegar gildi, með þeim takmörkunum þó, sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 48 frá 2. apríl 1959 um lokunartíma sölubúða og sölustaða.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júní 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

13. júní 1967.

Nr. 102.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Kerlingardalsár og Vatnsár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Kerlingardalsár og Vatnsár. Heimili þess og varnarþing er Vík í Mýrdal.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Kerlingardalsár og Vatnsár, en þær eru: Höfðabrekka, Fagridalur, Bólstaður, Kerlingardalur I og II, Reynisbrekka, Stóra-Heiði, Litla-Heiði, Lækjarbakki, Presthús I og II, Reynir, Reynisholt, Þórisholt, Reynishólar, Teigagerði, Eyðibýlin Rof og Engigarður, Garðar.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli,

eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. júní 1967.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins, hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til alls Hrafnagilshrepps með fyrirvara um nauðsynlegar byggingar á bújörðum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júní 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.